

Leiðsagnarnám í Víkurskóla

Lokaskýrsla 2025-2026



Leiðsagnarnámsteymi

Fiona Oliver

Kristín Halla Þórisdóttir

Loftur Þórarinn Guðmundsson

Egill Valur R. Michelsen

Tilgangur skýrslunnar

Markmið skýrslunnar er að gera grein fyrir helstu verkefnum, áherslum og þróunarvinnu leiðsagnarnámsteymisins skólaárið 2025–2026. Skýrslan dregur saman lærdóm vetrarins og setur fram næstu skref með áherslu á dýpkun leiðsagnarnáms, samræmingu við gæði kennslu (QUINT og PLATO) og áframhaldandi samþættingu við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Helstu verkefni og áherslur

1. Sameiginlegur skilningur á leiðsagnarnámi

Áhersla var lögð á að samræma og dýpka skilning starfsfólks á því hvað felst í leiðsagnarnámi.

- Kennarar skilgreindu sjálfir leiðsagnarnám og báru saman hugmyndir sínar
- Unnið var með ígrundun: *Hvað geri ég nú þegar sem telst leiðsagnarnám?*
- Fræðslufundir og vinnustofur studdu við þessa vinnu

Samantekt á svörum kennara sýnir skýran og sameiginlegan skilning á leiðsagnarnámi sem ferli fremur en einstöku verkfæri. Kennarar líta á leiðsagnarnám sem heildstæða námsmenningu sem byggir á framþróun, skilningi og samvinnu fremur en lokamati.

Helstu þemu sem komu fram voru:

- **Skýr markmið og gegnsæ viðmið:** Nemendur þurfa að vita hvert þeir stefna og hvað telst góður árangur.
- **Samfellt ferli:** Leiðsagnarnám á sér stað stöðugt í gegnum námið, ekki aðeins í lok þess.
- **Leiðbeinandi endurgjöf:** Endurgjöf þarf að vera markviss, framvirk og nýttast nemendum til að bæta sig.
- **Virk þátttaka nemenda:** Nemendur eru virkir þátttakendur sem taka ábyrgð á eigin námi, meðal annars með sjálfs- og jafningjamati.
- **Námsmenning sem styður við vöxt:** Áhersla er lögð á að mistök séu hluti af námi og að efla þrautseigju og vaxtarhugarfar.



Þessi niðurstaða styrkir þá sýn að grunnur leiðsagnarnáms í Víkurskóla sé þegar sterkur. Næsta skref felst því ekki síst í að samræma þessa sýn enn frekar og tryggja að hún birtist með markvissum hætti í daglegri kennslu.

2. Skýr markmið og sýnilegur árangur

Á starfsdegi og fræðslufundum var unnið með:

- Skýr námsmarkmið
- Hvernig árangur er gerður sýnilegur nemendum
- Hvernig nemendur skilja hvað þeir eiga að læra og hvers vegna

Þessi þáttur tengist sterkt bæði leiðsagnarnámi og QUINT.

3. Þróun og notkun verkfæra

Ugluviti/ fróðleiksviti (e. Knowledge organizer)

- Kennarar prófuðu að þróa og nýta ugluvita í kennslu
- Fylgt var eftir með umræðum um hvað virkaði og hvað mætti bæta
- Þátttaka var misjöfn, sem gaf mikilvægar upplýsingar um næstu skref
- Flestar Uglur í öllum árgöngum eru komnar með Ugluvita

FILM og nemendaraddir

- Áhersla á að nýta rödd nemenda markvissar sem hluta af innra mati

4. Umsagnir nemenda

Í vetur höfum við lagt aukna áherslu á að safna skipulagðri endurgjöf frá nemendum við lok hverrar Uglu. Hér eru dæmi úr tveimur ólíkum verkefnum:



Virgni & þátttaka

Nemendaraddir

- „Ég vann allan tímann, sýndi mikinn áhuga og var mjög vís.“
- „Ég lærði noka mikið og nýtti tímann mjög vel.“
- „Ég er stolt af mér eftir þessu uglu.“

Helstu niðurstöður

- Mikill áhugi og fjölbædd afstöða til verkefnisins
- Nemendur unnu vel saman og skipulagðu vinnuna
- Flestir nýttu tímann vel í tímum
- Margir lögðu aukavinnu á sig heima

Hvað lærðu nemendur mest?

Mest nefnt

- ✓ Ferískrá og kynningarbréf
- ✓ Atvinnuvíðtal
- ✓ Framhaldsskólaverkefnið
- ✓ Undirbúningur fyrir framtíðina

Áhrif á raunverulegt líf

- Nemendur lærðu að sækja um störf
- Sumir notuðu verkefnið til að sækja um vinnu
- Aukinn skilningur á menntaleiknum og starfsvali

Nemendaraddir

„Ég lærði mest af feriskránni og kynningarbréfinu, þetta mun nýtast mér í framtíðinni.“

„Atvinnuvíðtalið var mjög góð æfing fyrir framtíðina.“

„Ég fékk atvinnuvíðtal eftir að hafa búið til feriskrá.“

Mat á kennslu

Nemendur sögðu:

- Kennslan var skýr og vel útskýrd
- Kennarar studdu nemendum vel
- Skipulag verkefna hjálpaði þeim að læra mikið

Nemendaraddir

„Kennararnir útskýrðu afnir mjög vel.“

„Kennslan var mjög góð og hjálpleg.“

Hvað má bæta?

Algengustu tillögur

- Meiri tíma fyrir verkefni
- Skýrari útskýringar á sumum verkefnum
- Fleiri fjölbreytt og skapandi verkefni

UGLA B. BEKKUR

LAXDÆLA

Hvað segja nemendur?

Ávinningur

Nemendur upplifa verkefnið sem skemmtilegt og fróðlegt, sérstaklega þegar þeir fá að vinna skapandi verkefni. Mikilvægt er að halda fjölbreytni, styðja við góða samvinnu og minnka einhæfa vinnu eins og langar skrifir og lestur.

Mat á kennslu

Nemendur voru ánægðir með:

- skapandi verkefni
- hópavinnu
- vafreisi
- Nemendur upplifa að þeir lærðu mikið

Nemendaraddir:

„Þetta var mjög skemmtilegt verkefni.“

„Mér fannst gaman að gera lokaverkefnið.“

„Ég lærði mikið um Laxdælu og gamla daga.“

Virgni og þátttaka

Nemendaraddir

- „Allir voru að hlýpast að og vinna saman.“
- „Það er alltaf einn sem gerir ekki heilt.“
- „Þetta var skemmtilegra en ég hélt.“

Helstu niðurstöður

- Mikill samvinna í flestum hópum
- Flestir tóku þátt og unnu vel saman
- Sumir hópar upplifu misjafna þátttöku
- Áhugi var meiri í skapandi verkefnum

Hvað lærðu nemendur mest af?

Mest nefnt

- ✓ Sagan sjálf og persónur (Guðrún, Boll, Kjartan)
- ✓ Líf á víkingadögum
- ✓ Hefnd og samfélagsreglur
- ✓ Ný orð og lesskillingur
- ✓ Að vinna í hóp og gera verkefni

Túlkun á Laxdælu:

- Saga um hefnd, drama og ást
- Ástarfyrirmyndir milli Guðrúnar, Bollo og Kjartans
- Orðeldi var talið eðlilegt
- Sumum fannst sagan endurtekningsöm
- Margir öttu erfitt með að túlka söguna

Nemendaraddir:

„Fólk var alltaf að drepa hvert annað.“

„Spennandi og dramatisk saga.“

Hvað má bæta?

Algengustu tillögur:

- Betra skipulag hjá sumum
- Byrja fyrir á lokaverkefni
- Minni skrif og lestur
- Bæta samvinnu

4. Fræðsla og samstarf

Teymið stóð fyrir og tók þátt í fjölbreyttri fræðslu:

- Fræðslufundir fyrir kennara innanhúss (t.d. skilgreining á leiðsagnarnámi, notkun verkfæra)
- Málstofur og starfsdagar
- Námskeið með John Morris um leiðtogahæfni og leiðsagnarnám
- Samstarf við Háskóla Íslands sem gestakennara
- Alþjóðlegt samstarf (Noregur, Danmörk, Spánn o.fl.)

Einnig sótti teymið ráðstefnur um gæði kennslu og nýtingu myndupptaka sem þróunartæki.

Fundir og skipulag

Fundir einkenndust af:

- Reglulegum fræðslufundum
- Vinnustofum og ígrundun
- Undirbúningi fyrir kynningar og samstarf
- Samvinnu milli kennara og stjórnenda

Unnið var með raunveruleg dæmi úr kennslu og lögð áhersla á hagnýta nálgun.

Fundir	Efni
4. sept	Kristín Halla og Fiona funda saman, undirbúa fyrirlestur
8.sept	Fræðslufundur fyrir kennara
22. Sept	Málstofa starfsdagur: Skýr markmið, sýnilegur árangur
24.sept	Vikulegur fundartími - Fiona, Loftur, Egill a. Allir starfsmenn skrifa niður línur þína eigin skilgreining á leiðsagnarnám b. Síðan fara í smá hópa og koma sér saman á skilgreining c. Ígrundun (sjálfsmat) hvað gerir þú í þinni kennslu sem telst sem leiðsagnarnámi og af hverju?
30. október	Skipuleggja fund
3. nóv	Fræðsla fyrir kennara - hvernig skilgreinið þið leiðsagnarnám?
13. nóv	Ráðstefnan: Að auka gæði kennslu: Reynsla kennara af því að nýta myndupptökur Hotel Saga kl. 13-16:00
20. Nóv 8:30- 11:00	Að leiða með sjálfstrausti og áhrifaríkir stjórnunarhættir - John Morris
20. Nóv	Námskeið: Umbreytandi hlutverk

14:00-16:30	leiðsagnarnáms í kennslu og námi - John Morris
8. Jan. 2026	Egill, Loftur, Kristín Halla, Fiona
21.jan kl. 9-10:30	STiP - Gæði kennsla - KH, FO, VNG, ÞÓ
26. Jan fræslufund f. kennarar	Fróðleiksviti - allir prófa
	Hittumst aftur og ræðum hvernig gekk að búa til fróðleiksvita og nýta það í kennslu
3x fundir í jan	Undirbúa nemendur fyrir heimsókn í HÍ
29. Jan 2026	Gestakennarar HÍ - Fjölbreyttir kennsluhættir
4. mars	Ugluviti-umræða hvernig gekk? Mjög fáir tóku þátt-breyttist í vinnufund
10. mars	Kynning- Formative Assessment - Danir og Spánverjar
25.mars 2026	Fundur - Egill, Fiona, Kristín, Loftur Næsta skref-námskeið næsta vetur?
4.-8. mars	Lokaskýrsla
apríl	Kynning fyrir Norðmenn
11. maí 2026	Lokaskýrsla kynnt fyrir starfsfólk

Mat á vetrinum

Helstu styrkleikar:

- Aukinn sameiginlegur skilningur á leiðsagnarnámi
- Virk þátttaka í umræðu og ígrundun
- Fjölbreytt fræðsla og samstarf
- Skref í átt að tengingu við QUINT

Helstu lærdómar:

- Styðja kennara í að tileinka sér verkfærin
- Tryggja þarf betri þátttöku allra kennara
- Mikilvægt er að fylgja nýjungum betur eftir í framkvæmd

- Nemendaraddir eru öflugt en enn vannýtt verkfæri


Næstu skref – skólaárið 2026–2027

Á næsta skólaári verður lögð áhersla á að dýpka og samræma tengingu við QUINT og PLATO með því að þróa sameiginleg viðmið um gæði kennslu. Jafnframt verður unnið að innleiðingu matsverkfæra, svo sem sjálfsmats, jafningjamats og nýtingu nemendaradda, með það að markmiði að safna reynslu og þróa áfram. Mikilvægt verður að auka þátttöku allra kennara í þróunarvinnu og styðja þá í að prófa nýjar leiðir í kennslu. Einnig verður lögð áhersla á markvissa eftirfylgni þar sem ferlið frá hugmynd til framkvæmdar og ígrundunar er styrkt, meðal annars í gegnum vinnufundi. Að lokum verður nemendamiðuð nálgun eflid með því að nýta verkfæri eins og FILM og tengja niðurstöður við innra mat skólans.

Nýliðanámskeið - Ein hugmynd er að hafa einhvers konar örnámskeið fyrir nýliða, þar sem þeir fá kynningu á leiðsagnarnámi og stuðning við tileinka sér hugmyndafræðina í sinni kennslu.

Markvisst unnið með

fyrirmyndarverkefni - Við viljum breyta því hvernig við notum fyrirmyndarverkefni í kennslustofunni. Í stað þess að sýna nemendum aðeins tilbúið dæmi, viljum við búa til **gagnvirkt námsumhverfi** þar sem tökum verkefnin í sundur og greinum þá út frá leiðbeiningum og árangursviðmiðum. Þannig hjálpum við nemendum að skilja ekki bara **hvað** gott verkefni er, heldur **hvernig** það er uppbyggt, svo þeir geti nýtt þá þekkingu í eigin sköpun.



Lokaorð

Starf leiðsagnarnámsteymisins á þessu skólaári markar mikilvægt skref frá innleiðingu yfir í dýpkun og samræmingu. Með þróun hagnýtra matsverkfæra skapast sterkari grunnur fyrir gæðumm kennslu. Auk þess höfum við lagt áherslu á að samþætta aðferðafræðina við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með því að tengja hverja „Uglu“ beint við greinar sáttmálans er tryggt að réttindi barna séu sýnilegur hluti af skipulagi námsins.

Sérstaklega er ljóst að nemendaraddir, jafningjamat og sjálfsmat kennara geta saman myndað öflugt kerfi sem styður við faglega þróun og bætt námsumhverfi.

Áframhaldandi vinna mun snúast um að gera þessa sýn að raunveruleika í daglegu starfi. Á næsta skólaári verður haldið áfram á þessari braut með því að festa sjálfsmat kennara og jafningjamatsheimsóknir (peer observation) enn betur í sessi, í þeim tilgangi að efla faglega samvinnu og bæta kennsluhætti enn frekar.

Framtíðarsýn

Í ljósi vinnu vetrarins leggur teymið til þróun á samþættu matskerfi sem byggir á leiðsagnarnámi og QUINT. Við erum ekki að bæta við nýju. Við erum að styrkja það sem við erum nú þegar að gera.

Tengsl við gæði kennslu (QUINT og PLATO)

Á þessu skólaári var farið á ráðstefnuna: Að auka gæði kennslu og kynningu á STiP - Gæði kennslu. Þar sáum við sterk tengsl milli leiðsagnarnáms og QUINT (Quality Improvement in Teaching). Þessi tenging skapar tækifæri til að þróa sameiginlegan ramma um góða kennslu í skólanum.

Sameiginlegir snertifletir:

- Skýr markmið og viðmið
- Virk þátttaka nemenda
- Endurgjöf sem styður nám
- Ígrundun og faglegt samtal

1. Sjálfsmat kennara (drög)

Kennarar meta eigin kennslu út frá lykilspurningum:

- Eru markmið skýr fyrir nemendum?
- Vita nemendur hvað telst góður árangur?
- Hvernig nýti ég endurgjöf til að styðja nám?
- Eru nemendur virkir þátttakendur?
- Hvernig nýti ég spurningar til að dýpka skilning?

2. Jafningjamat (Peer observation)

Tillaga að einföldu ferli:

- Kennarar heimsækja hvern annan
- Einblína á afmarkaðan þátt (t.d. markmið eða endurgjöf)
- Skrá lýsandi athuganir
- Taka stutt faglegt samtal eftir á

Markmið:

Að efla faglegt lærdómssamfélag og traust.

3. Nemendaraddir (Student voice)

Markviss notkun nemendaradda:

Dæmi um spurningar:

- Skil ég hvað ég á að læra?
- Hvað hjálpar mér mest í námi?
- Hvernig nýtist endurgjöf mér?
- Hvað mætti bæta?

Einnig má nýta þróaða nálgun eins og FILM.

Markmið:

Að gera nemendur að virkum þátttakendum í umbótum á kennslu.